



## Leiðbeiningar um notkun á buprenorphine (Buvidal®)

### Inngangur

Buprenorphine (Buvidal) er notað við alvarlegri ópíóíðafíkn. Lyfjameðferð er beitt samhliða sálfélagslegri meðferð.

### Ábending

Alvarleg ópíóíðafíkn (ICD-10: F11,2 eða DSM5: OUD 304,0), innan ramma læknisfræðilegrar, félagslegrar og sálfræðilegrar meðferðar, þar sem einstaklingur sprautar sig að staðaldri eða reglulega með ópíóíðum í æð eða hefur haft aðrar alvarlegar afleiðingar af ópíóíðum sem vímuegja.

Aðeins skal nota lyfið fyrir þá sjúklinga sem þurfa að bæta meðferðarheldni lyfjameðferðar og ódýrari lyfjameðferð hentar ekki.

Meðferðin er ætluð fullorðnum og unglimum eldri en 16 ára.

### Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnum.

Alvarleg öndunarbílun.

Alvarlega skert lifrarstarfsemi.

Bráð áfengissýki eða drykkjuóræði (delirium tremens).

### Aukaverkanir

Þær aukaverkanir tengdar buprenorphine (Buvidal) meðferð sem oftast voru nefndar voru höfuðverkur, ógleði, ofsvitnun, svefnleysi, fráhrarfsheilkenni og sársauki.

Sjá nánar í sérlyfjaskrá.

### Skammtar og lyfjagjöf

Buprenorphine (Buvidal) er forðalyf og gefið af hjúkrunarfræðingi í sprautuformi í vef undir húð til einnar viku eða til eins mánaðar. Skammtar eru aðlagðir í samræmi við þol og fráhrarfseinkenni og fyrri meðhöndlun með buprenorphine undir tungu.

*Upphaf meðferðar hjá sjúklingum sem ekki eru nú þegar á buprenorphine*

Sjá nánar sérlyfjaskrá.

*Skipt úr buprenorphine lyfi gefið undir tungu í Buvidal*

Sjá nánar í sérlyfjaskrá.

## Ávísun

Einungis læknar SÁÁ og Landspítala sem sinna meðferð fíknisjúkdóms geta ávísað buprenorphine (Buvidal). Þeir ásamt hjúkrunarfræðingum legudeilda og göngudeilda fíknisjúkdóma hjá SÁÁ og Landspítala hafa umsjón með mati, meðferð og eftirfylgni einstaklinga á buprenorphine (Buvidal) meðferð. Meðferðin er veitt af sömu aðilum.

## Mat fyrir meðferð

Áður en afstaða er tekin til lyfjameðferðar með buprenorphine (Buvidal) fær viðkomandi einstaklingur sjúkdómsgreiningu læknis og mat á áhættu. Meta þarf ávanabindingu og fráhvörf, fyrri sögu um ópíóíðafíkn og meðferð við henni, samhliða sálfélagslegri meðferð við fíknisjúkdómi og afleiðingar fíknar. Auk þess þarf að fara fram mótefnamæling vegna HIV, lifrabólgu C/B og þvagskimun fyrir vímuefnum. Fara þarf vel yfir kosti og galla meðferðar og markmið með henni. Veita þarf forvarnarfræðslu um hættur, ofskammta, afleiðingar sprautufíknar, mikilvægi hreinna áhalda í neyslu o.fl.

## Eftirfylgni

Eins og við aðra lyfjameðferð við ópíóíðafíkn (viðhaldsmeðferð með buprenorphine/naloxone eða metadone) er eftirfylgni í göngudeild, með þvagskimunum fyrir vímuefnum, heimsóknum til hjúkrunarfræðings til að fá lyfjagjöfina (á viku eða mánaðar fresti) og læknaviðtölum að meðaltali á 8-12 vikna fresti. Samhliða skal veita sálfélagslega meðferð við fíknisjúkdómi í samræmi við áhugahvöt sjúklings. Sjúklingur kemur á göngudeildir hjá SÁÁ eða Landspítala til að fá lyfjagjöfina. Einnig gefa hjúkrunarfræðingar fangelsismálastofnunar föngum sem eru á meðferðinni innan veggja fangelsis lyfið.

Í eftirfylgni er metinn árangur og aukaverkanir meðferðar. Einnig metin áhætta á alvarlegum fylgikvillum vímuefnaneyslu og inngríp vegna þeirra veitt í innlögn eða á göngudeild, s.s. afeitrun, skimanir, forvarnir, meðferð við fíknisjúkdómi.

## Umsóknarferli

Sótt er um heimild til að nota lyfið til lyfjanefndar Landspítala. Í umsókninni skal koma fram aldur sjúklings, sjúkdómar, færnismat og sjúkdómsstaða ásamt upplýsingum um fyrri meðferð. Uppfylli sjúklingur skilyrði þessara leiðbeininga er heimild veitt til 1 árs. Þurfi sjúklingur á frekari meðferð að halda þarf að sækja um heimild að nýju þar sem árangursmat meðferðarinnar liggur fyrir. Athugasemdum vegna afgreiðslu lyfjanefndar má beina til framkvæmdastjóra lækninga á Landspítala.

## Höfundur og ábyrgðarmaður

Valgerður Rúnarsdóttir, sérfræðingur í lyflækningum og fíknlækningum.

Leiðbeiningarnar voru samdar í september 2020 og verða endurskoðaðar eigi síðar en að þremur árum liðnum en fyrr ef ástæða þykir til.

### **Heimild**

Sérlyfjaskrá: [serlyfjaskra.is](http://serlyfjaskra.is)